

2. fundur stjórnar FORMA skólaárið 2014-2015

Haldinn fimmtudaginn 9. október 2014 kl. 16:30 í Gamla Skóla.

Mætt voru: Jón Stefán Baldursson, Harpa Hjarðar, Ester Stefánsdóttir, Ragnheiður Halldórsdóttir, Þuríður Árnadóttir, Jóhanna M. E. Matthíasdóttir og Herdís Zóphóníasdóttir námsráðgjafi.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt með lítilsháttar breytingum.
2. Rætt var um skálaferðir nýnema, er staðarhaldari afar jákvæður og voru þær áfallalausar. Þó komu til umræður meðal foreldra um að betur mætti huga að upplýsingaflæði varðandi mönnun ferða og einnig þarf að skoða hvernig forfallaskráning er meðhöndluð. Lagt var til að gerð yrði könnun á upplifun nemenda til að geta skoðað allar hliðar ferðanna og mun Jóhanna sjá um að setja upp slíka könnun.
3. Var rætt um bréf til aðila er standa að leigu sala, orlofshúsa og ámóta aðstöðu. Harpa og Ester tóku að sér að útbúa bréf til útsendingar, einnig þarf að uppfæra lista sem sent er eftir og verður hann sendur út á stjórn til yfirferðar. Nokkuð var rætt um með hvaða hætti best væri að senda bréfið út og ákveðið að það verði gert með rafrænum hætti og sem fyrst.
4. Lögfræðiálit varðandi ábyrgð aðila er koma að skemmtanahaldi ólögráða unglunga liggur fyrir. Ákveðið var að kafla þess verði settur inn í bréf til leigjenda sala. Einnig mætti skoða að koma þessum upplýsingum á framfæri við foreldra og nemendur eftir atvikum.
5. Rætt var um hugmyndir að fræðsluerindi fyrir foreldra og var stjórn sammála um að væri við hæfi að leita eftir fræðslu um áfengismál unglunga. Stefnt verður að því að hafa slíka fræðslu í febrúar.
6. Ákveðið var að færa fundatíma stjórnar aftur um hálf tíma til að haganlegra væri fyrir alla að mæta.
7. Stefnt er að fundi með nemendafélagi í byrjun nóvember og mun Herdís skipuleggja hann nánar.

Þá er efni fundar upptalið. Næsti fundur verður fimmtudaginn 6. nóv. kl. 17:00 í Gamla skóla.

Fundargerð ritaði Jóhanna M. E. Matthíasdóttir.